



Bílar og fólk ehf.



Til: nefndasvid@althingi.is

143. löggjafarþing 2013–2014.
Þingskjal 17 — 17. mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 143/742
komudagur 20.12.2013

Umsögn framkvæmdastjóra Sternu Bílar og fólk ehf. um „Tillögu til þingsályktunar um uppbyggða vegi um hálendið“

Síðan 2006 hefur Sterna markaðssett og verið með reglubundinn akstur yfir Kjöl, Reykjavík - Akureyri - Reykjavík og er ætlun okkar að markaðssetja þessa leið enn frekar. SBA-Norðurleið hefur einnig ekið á þessari leið samhliða okkur og það má ljóst vera þegar tvö fyrirtæki geta ekið þessa leið á degi hverjum þá hlýtur að vera einhver nauðsyn fyrir því að aka þar yfir. Eftirspurn túristans hefur aukist verulega á þessu svæði og eru bæði Kerlingarfjöll og Hveravellir eftirsóttustu staðirnir. Sterna og SBA eru að fara 72 ferðir hvort fyrirtæki fyrir sig yfir Kjöl og akstur þessara fyrirtækja er rúmlega 115 þúsund km. á sumri hverju. Dálitlaar sveiflur hafa verið í farþegaflutningum þessa fyrirtækja en í okkar ferðum er fjöldin frá 900 til 1700 farþegar á sumri hverju. Farþegatölur frá SBA hef ég ekki undir höndum en ég geri ráð fyrir að þær séu eitthvað svipaðar.

Fjöldmörg önnur fyrirtæki eru að horfa til markaðssetningar með farþega yfir Kjöl og er Sterna Travel farin að auglýsa og keyra dagsferðir frá Reykjavík í Kerlingarfjöll. Einnig er verið að setja af stað dagsferðir frá Akureyri í Hveravelli og Kerlingarfjöll og eins og fyrr sagði er orðin töluverð mikil ásókn ferðamanna og ferðaskipuleggjenda að fara á þessi ofantalin svæði.

Vegna þessar aukningar á umferð þarna yfir hefur vegurinn verið nánast ófær allt sumarið og þess vegna hafa verið miklar bilanatiðnin ökutækja með tilheyrandi vandræðum og að ekki sé talað um hættuna sem fylgir því að skilja ökutæki eftir í vegslóða sem víðast hvar rúmar ekki nema eitt ökkutæki. Seinasta sumar er það allra lakasta hvað veginn varðar og eftir hverja einustu ferð voru bifreiðarnar teknar á verkstæði til viðgerðar, slitnir demparar, brotnar fjarðrir og skifti engu máli hvort bíllinn var nýr eða gamall, allt virðist láta undan. Víðast hvar í auglýsingum er þessi vegur talin fær öflugum fólksbílum og þá er því ferðafólki sem taka sér bíl á leigu ekkert að vanbúnaði að aka þessa leið.



Bílar og fólk ehf.



Við hjá Sterna teljum að það sé brýn nauðsyn á því að bæta þennan veg eigi síðar en strax ef ekki á illa að fara og skorum á stjórnvöld að hafa það sem forgangs verkefni að byggja upp Kjalveg og gera hann, minnsta kosti þannig að hann verði vel fær yfir sumartímann. Sagt er að sum svæði, Landmannalaugar og fleiri staðir séu farinir að láta á sjá og það verulega undan ágangi ferðamannis og ef þessi vegur yrði bættur hið snarasta þá er það okkar álit að það verði eingöngu til þess að létta áganginn á öðrum ferðamannastöðum.

Bestu þakkir,

Óskar Stefánsson.